

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
Stofnað 28. apríl 1945



Pinggerð
47. þings ÍBH

Haldið laugardaginn 7. maí 2011
í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu

Dagskrá þingsins var eins og segir í lögum ÍBH, dagskráin er fremst í skýrslu stjórnar ÍBH og vísast til hennar.

1. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Í setningarræðu sinni kom Hrafnkell inn á þau mál sem hafa áunnist undanfarin tvö ár. Framkvæmdir við íþróttamannvirki bæjarins frá síðasta þingi voru taldar upp og komið inn á að þær hafi hægt mikið á sér en sem betur fer ekki stöðvast alveg. Fjárstuðningur frá ríkinu og sveitarfélögum hefur farið lakkandi undanfarin tvö ár og halda áfram að lækka miðað við áætlanir. ÍBH er þriðja stærsta héraðssambandið/íþróttabandalagið á landsvísu. Rúmlega helmingur bæjarbúa er skráður í íþróttafélag í bænum og kemur að hinum ýmsu störfum innan félaganna. Aðildarfélag ÍBH áttu 115 landsliðsmenn sem tóku þátt í verkefnum sérsambanda ÍSÍ 2010. Á íþrótt- og viðurkenningarhátíð bæjarins í desember 2010 heiðraði Hafnarfjarðarbær 474 einstaklinga fyrir að vera Íslandsmeistarar í hinum ýmsu íþróttagreinum. Stungið var uppá Jóni A. Marinóssyni sem þingforseta og Hafsteini Þórðarsyni til vara, Jón þakkaði traustið sem honum var sýnt og tók síðan við stjórn. Stakk hann uppá Guðmundi Haraldssyni sem 1. þingritara og Birni Péturssyni til vara, voru þeir kosnir með lófaklappi.
2. Tillaga um kjörbréfanefnd: Ferdinand Hansen formaður, Anna María Valtýsdóttir og Margrét Friðriksdóttir. Var nefndin kosin með lófaklappi og tók strax til starfa.
3. Hrafnkell Marinósson formaður, flutti skýrslu stjórnar og er hér með vísað til hennar. Þingforseti skjalfesti skýrsluna sem þingskjal nr. 1. Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri las og skýrði reikninga ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH og er hér með vísað til þeirra. Þingforseti skjalfesti reikninga ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH sem þingskjal nr. 2.
4. Ferdinand Hansen formaður Kjörbréfanefndar steig í pontu og fór yfir fulltrúafjölda félaganna, eitt félag ÍH skilaði ekki inn kjörbréfi og átti þar með ekki seturétt á þinginu, að öðru leyti voru ekki gerðar athugasemdir við kjörbréf þingsins.
5. Ávörp gesta. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir flutti ávarp sem fulltrúi bæjaryfirvalda. Í máli sínu kom hún inn á að Íþróttabandalagið væri einn af hornsteinum bæjarfélagsins og að helmingur bæjarbúa kæmu að íþróttum í einhverju formi og er það sjálfsagt einsdæmi. Þing ÍBH kvað hún vera metnaðarfullt og að áhugaverð verkefni lægu fyrir því. Hún vék að forgangsröðuninni og óskaði ÍBH til hamingju með tæplega 500 Íslandsmeistaratitla á liðnu ári. Guðrún Ágústa vék einnig lítillaga að kampavínsdrykkju Íslandsmeistara FH í karlaflokki í handknattleik og þótti þar skjóta skökku við íþróttastefnu Flensborgarskólans sem hreinlega bannar áfengis- og tóbaksnotkun. Að lokum vék Guðrún Ágústa að þeirri staðreynd að 66% tíundubekkinga æfa íþróttir og þótti henni það frábært. Hrafnkell tók til máls og flutti kveðju frá formanni Sundsambands Íslands. Sveinn Áki Lúðvíksson frá Íþróttasambandi fatlaðra bað nú um orðið. Lýsti hann ánægju sinni með frábært starf Íþróttafélagsins Fjarðar og starf íþróttafélagana í Hafnarfirði og þakkaði hann íþróttahreyfingunni í Hafnarfirði fyrir samstarfið í tengslum við Íslandsmót fatlaðra sem var haldið í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar í marsmánuði 2011.

6. Reikningar og skýrsla stjórnar voru borin upp til samþykktar. Enginn kvaddi sér hljóðs og var skýrslan samþykkt. Skýrsla gjaldkera var einnig samþykkt án athugasemda.

7. Kosnar 3 fastanefndir og laganefnd:

Fjárhagsnefnd: Bergsteinn Hjörleifsson formaður, Bjarni Hafsteinn Geirsson, Benedikt Olgeirsson, Þór Jónsson og Ágústa Hera Birgisdóttir.

Allsherjarnefnd: Hafsteinn Þórðarson formaður, Viðar Halldórsson, Heimir Heimisson, Ingólfur Arnarson, Haukur J. Eiríksson og Hörður Þorsteinsson.

Íþróttanefnd: Írena Óskarsdóttir formaður, Ívar Ásgrímsson, Valka Jónsdóttir, Ingvar Kristinsson og Kristjana Aradóttir.

Laganefnd: Magnús Friðrik Guðmundsson formaður, Elías Atlason, Björn Pétursson, Ragnar Hilmarsson og Kristján Geir Mathiesen.

8. Tillögur um mál er fyrir liggja.

Pingskjal nr.	Tillaga	Flutningsaðili	Vísað til (nafn nefndar)
1.	Skýrsla stjórnar ÍBH	Stjórn ÍBH	
2.	Reikningar ÍBH	Stjórn ÍBH	
3.	Tillaga um stuðning við afreksstarf íþróttafélaga	Knattspyrnufélagið Haukar	Fjárhagsnefndar
4.	Tillaga um eignarhald í íþróttamannvirkjum	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
5.	Ályktun um útvistarsvæðið við Hvaleyrarvatn	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
6.	Tillaga AÍH um forgangsroðun	AÍH	Allsherjarnefndar
7.	Tillaga um styrk til kaupa á félagsaðstöðu fyrir AÍH	AÍH	Fjárhagsnefndar
8.	Ferli við áföllum	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
9.	Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
10.	Ályktun um þakkir til stuðningsaðila ÍBH	Stjórn ÍBH	Allsherjarnefndar
11.	Eineltisforvarnir ÍBH	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
12.	Fjárhagsáætlun ÍBH 2011 - 2012	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
13.	Fjármál afreksíþróttar	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
14.	Jafnréttisstefna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
15.	Lög ÍBH	Stjórn ÍBH	Laganefndar
16.	Rekstur íþróttafélaga	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
17.	Síðareglur ÍBH	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar

18.	Tillaga BH um forgangsroðun	Badmintonfélag Hafnarfjarðar	Fjárhagsnefndar
19.	Tillaga FH varðandi forgangsroðun	Fimleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
20.	Tillaga Hestamannafélagsins Sörla um forgangsroðun	Hestamannafélagið Sörli	Allsherjarnefndar
21.	Tillaga Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar um forgangsroðun	Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	Allsherjarnefndar
22.	Tillaga Golfklúbbsins Keilis um forgangsroðun	Golfklúbburinn Keilir	Allsherjarnefndar
23.	Tillaga Kvartmíluklúbbsins varðandi forgangsroðun	Kvartmíluklúbburinn	Allsherjarnefndar
24.	Tillaga um fagteymi fyrir heilsufars- og íþróttamælingar	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
25.	Tillaga um íþróttafulltrúa íþróttafélaganna	Stjórn ÍBH	Fjárhagsnefndar
26.	Tillaga um vinnuhóp fyrir Hafnarfjarðarleika	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
27.	Tillaga vegna gæðastarfs íþróttafélaganna	Stjórn ÍBH	Íþróttanefndar
28.	Tillaga Björk fimleikafélag um forgangsroðun íþróttamannvirkja	Björk fimleikafélag	Allsherjarnefndar
29.	Tillaga Björk fimleikafélag um aukið fjármagn til viðhalds og endurbóta á íþróttamannvirkjum	Björk fimleikafélag	Fjárhagsnefndar
30.	Tillaga um rekstur íþróttamannvirkja	Björk fimleikafélag	Fjárhagsnefndar
31.	Tillaga um innri mál ÍBH	Björk fimleikafélag	Allsherjarnefndar
32.	Tillaga Knattspyrnufélagsins Hauka um forgangsroðun	Knattspyrnufélagið Haukar	Allsherjarnefndar
33.	Tillaga DÍH um forgangsroðun	DÍH	Allsherjarnefndar

Samþykkt var að tillögurnar færu til umfjöllunar í nefndir í samræmi við upptalningu og tillögu forseta auk tillits til athugasemda.

Þinghlé var gert kl. 12.10. Auk hádegisverðar voru eftirtaldir viðburðir í þinghléinu:

Björn Pétursson bæjarminjavörður flutti erindi um aðdragandann að stofnun íþróttafélaga í Hafnarfirði fram til ársins 1929 að stofnun Fimleikafélags Hafnarfjarðar. Var gerður góður rómur að erindinu og var merkilegt að hlusta á mótunaráhrif Flensborgarskólans á íþróttalíf bæjarins á þessum tíma. Í framhaldi af erindi Björns afhenti Hrafnkell Marinósson formaður



ÍBH Hafnarfjarðarbæ og Íþróttahúsinu við Strandgötu fjórar endurgerðar íþróttamyndir frá 50 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar 1. júní 1958 að tilefni 40 ára afmæli Íþróttahússins við Strandgötu 8. apríl sl. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir veitti myndunum viðtöku fyrir hönd bæjaryfirvalda og Þorsteinn Þorsteinsson starfsmaður hússins fyrir hönd Íþróttahússins við Strandgötu.

9. Álit nefnda og umræður, tillögur samþykktar eins og þær koma fram hér á eftir.

Tillögur sem samþykktar voru á 47. þingi ÍBH

47. þing ÍBH haldið í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði 7. maí 2011 samþykkir að hvetja Hafnarfjarðarbæ til eftirtalinna framkvæmda í samráði við þau íþróttafélög sem við á í hverju tilfelli fyrir sig.

Sameining þingskjala nr. 32, 33, 6, 7, 19, 20, 21, 22, 23, 28 og 18a (verkefni í forgangs röðun).

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykkt (45. og 46. þings) um að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggja upp íþrótt- og félagsaðstöðu fyrir félagið í samráði við stjórn þess.

Knattspyrnufélagið Haukar

47. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir á þingum ÍBH (45.og 46. þings) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að leggja áherslu á frekari uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum.

Áhersla er lögð á nýjan íþróttasal við íþróttahúsið og byggingu knattshúss og áhorfendaaðstöðu við knattspyrnuvöll félagsins.

Vísað er til vinnu sem unnin hefur verið í nefnd um uppbyggingu á Ásvöllum, en nefndin er skipuð fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og Hauka.

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH ítrekar samþykkt fyrri þinga (45. og 46. þings) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggð verði motocrossbraut 700 metrar að lengd fyrir börn og unglunga og að einnig verði byggð motocrossbraut í fullri stærð 1700 metrar fyrir eldri flokka í Kapelluhrauni í Hafnarfirði.

Félagið skorar einnig á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að styrkja félagið til kaupa á húsnæði fyrir félagsaðstöðu.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir á þingum ÍBH (45. og 46. þings) um þörf félagsins á landsvæði undir knattspyrnuíðkun og bendir í því sambandi á samkomulag við bærarstjórn Hafnarfjarðar frá 15. okt 2004 .

Ennfremur hvetur þingið bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að byggður (endurbyggður) verði gervigrasvöllur í stað þess gervigrasvallar sem nú er í Kaplakrika og að sá völlur verði byggður þannig að í framtíðinni verði hann yfirbyggður.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH leggur áherslu á að núverandi framkvæmdum við frjálsíþróttahús verði lokið sem allra fyrst.

Hestamannafélagið Sörli

47. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir á þingum ÍBH (45. og 46. þings) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að framkvæma stækkun íþróttamannvirkja Sörlastaða þ.e. reiðskemmu og félagsheimilis ásamt aðstöðu sem nýst getur sem félagshesthús.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH ítrekar samþykkt (45. og 46. þings) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna áfram í að leita að framtíðarhúsnæði fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar.

Golfklúbburinn Keilir

47. þing ÍBH ítrekar samþykktir fyrri þinga allt frá 2003 um ókláruð verkefni hjá Golfklúbbum Keili svo sem a) breytingar á núverandi golfvelli. b) undirbúning og stækkun félagsheimilis þ.e. golfskála Keilis. Ennfremur er ítrekuð samþykkt (45. og 46. þings) sem kveður á um að hvetja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að hefja undirbúningsvinnu og uppbyggingu svæðis undir 36 holu golfvöll í Hafnarfirði.

Kvartmíluklúbburinn

47. þing ÍBH ítrekar fyrri samþykktir (44., 45. og 46. þings) um að bæta aðstöðu við kvartmílubraut og húsnæði félagsins. Einnig eru bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hvött til að hefja framkvæmdir við nýskipulagt akstursíþróttasvæði í Kapelluhrauni í samráði við stjórn félagsins og í samvinnu við og með framkvæmdum hjá AÍH.

Fimleikafélagið BJÖRK

47. þing ÍBH ítrekar samþykkt fyrri þinga (44., 45. og 46. þings) og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að vinna að endurbótum og breytingum á íþróttamannvirkjum við Íþróttamiðstöð Bjarka við Haukakraun þannig að þörfum félagsins til framtíðar verði komið þar fyrir á einum stað.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH ítrekar samþykktir fyrri þinga og hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að byggja upp íþrótt- og félagsaðstöðu fyrir Badmintonfélag Hafnarfjarðar í samráði við stjórn félagsins. Í því sambandi verði skoðað hvort skynsamlegt sé að skilgreina Íþróttahúsið við Strandgötu sem íþrótt- og félagsaðstöðu BH og aðlaga það þörfum félagsins.

Innsendar greinagerðir eru fylgigögn með samþykktum þessum.

Þingskjal nr. 21a**(Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar)**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að finna svo fljótt sem auðið er annað húsnæði fyrir Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar þar sem núverandi bráðabirgðahúsnæði er ekki boðlegt lengur af heilsufarsástæðum.

Þingskjal nr. 4**Tillaga um eignarhald í íþróttamannvirkjum**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli vísar til stjórnar ÍBH að skipa nefnd til að endurskoða eignarhald, rekstrarstyrki og annað framlag frá Hafnarfjarðarbæ til aðildarfélaga ÍBH.

Í því sambandi samræmi nefndin reglur og vinnubrögð, ásamt því að gæta jafnræðis milli félaga.

Þingskjal nr. 5**Ályktun um útivistastæði við Hvaleyrarvatn**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli leggur til að umhirða knattvalla á Hamarsvöllum verði bætt þannig að knattvöllirnir verði í nothæfu ástandi sumarlangt.

Þingskjal nr. 9**Ályktun um þakkir til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 þakkar stuðninginn, sem bæjaryfirvöld hafa sýnt starfi aðildarfélaga ÍBH.

Aðildarfélög ÍBH hvetja bæjaryfirvöld til þess að halda áfram á sömu braut svo íþróttastarfið nái að vaxa og dafna og verði Hafnfirðingum til sóma.

Þingið lýsir þungum áhyggjum af þeim niðurskurði sem kominn er til framkvæmda og af þeim sem boðaður hefur verið á næstu misserum.

Þingið fer fram á að bæjaryfirvöld endurskoði boðaðann niðurskurð og lokun íþróttamannvirkja og þannig stuðli þau áfram að heilbrigðri uppbyggingu og hreyfingu þrátt fyrir að um stund ári illa hjá bænum.

Þingskjal nr. 10**Ályktun um þakkir til stuðningsaðila ÍBH**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli þakkar stuðningsaðilum ÍBH fyrir góðan stuðning við hina ýmsu þætti íþróttastarfsins og góða samvinnu. Ennfrekar hvetur þingið fleiri stuðningsaðila til þess að leggja starfi íþróttafélaganna lið.

Þingskjal nr. 31**Tillaga um innri mál ÍBH**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli hvetur stjórnir aðildarfélaga og stjórn ÍBH til að skoða innra skipulag og eigin markmið með það að leiðarljósi að móta og samræma stefnu (stefnumörkun) fyrir næstu 10 ár í starfi stjórnar og aðildarfélaga ÍBH.

Þingskjal nr. 3**Tillaga um stuðning við afreksstarf íþróttafélaganna**

Tillagan felld niður þar sem þingskjal nr. 13 er um sama mál.

Þingskjal nr. 7**Tillaga um styrk til kaupa á félagsaðstöðu fyrir AÍH**

AÍH kom með nánari útskýringu á tillögunni og eftir umræðu var tillagan send til allsherjarnefndar og afgreidd þaðan.

Þingskjal nr. 12**Fjárhagsáætlun ÍBH**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir fjárhagsáætlun ÍBH.

Fjárhagsáætlun ÍBH 2011 - 2012

Tekjur

1. Húsaleigutekjur		523.210.000
2. Lottó		23.951.783
3. Styrkur til íþróttastarfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		12.000.000
3.b. Alcan		18.000.000
4. Aðrar tekjur		
4.1. Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.128.251	
4.2. Rekstrarstyrkur	11.900.000	
4.3. Íslensk getspá	1.100.000	
4.4. Ýmsir styrkir vegna sérverkefna	300.000	
4.5. Útseldir tímar	1.000.000	
4.6. Verkefnatekjur	1.500.000	
4.7. Vaxtatekjur	1.700.000	
		20.628.251
	Tekjur samtals	597.790.034

Gjöld

1. Húsaleiga		523.210.000
2. Lottó		21.556.605
3. Styrkur til starfs 16 ára og yngri		
3.a. Hafnarfjarðarbær		12.000.000
3.b. Alcan		18.000.000
4. Önnur gjöld		
4.1. Afreksmannasjóður	750.000	
4.2. Afmælisgjafir	1.000.000	
4.3. Skrifstofukostnaður	1.400.000	
4.4. Laun, launatengd gjöld, akstur	13.706.522	
4.5. Skrifstofuáhöld	300.000	
4.6. Fundir og ráðstefnur	550.000	

4.7. Ársþing ÍBH	400.000	
4.8. Aðk.akstur,sími ofl og aðkeypt vinna	2.369.496	
4.9. Endurskoðun bókhalds	800.000	
4.10. Sérverkefni	400.000	
4.11. Ófyrirséð	300.000	
4.12. Skuld við Afreksmannasjóð	395.894	
		22.371.912
	Gjöld samtals	597.138.517

Tekjuafgangur**651.517****Þingskjal nr. 13**
Fjármál afreksíþróttar

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli skorar á bæjaryfirvöld að bæta rekstrargrundvöll afreksíþróttar í Hafnarfirði í samvinnu og samráði við aðildarfélag ÍBH.

Greinargerð:

Rekstur afreksstarfs íþróttafélaganna hefur verið mjög þungur undanfarin ár. Í hverju íþróttafélagi er afreksfólkið nauðsynlegt því þau eru lykilpersónur sem eru fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur auk þess sem þau laða annað hæfileikaríkt íþróttafólk að félögunum. Afreksfólk sem nær góðum árangri á lands- eða heimsvísu gerir Hafnarfjarðarbæ stoltann og bæjarbúa ánægða, auk þess sem eign íþróttahetja er frábær kynning fyrir bæjarfélagið. Stuðning bæjarfélagsins við afreksstarfið þarf að efla verulega, afreksstarfið er dýrasti þátturinn í rekstri íþróttafélaganna. Þetta er hægt að gera með því að auka framlög Afreksmannasjóðs ÍBH eða með sérstöku samstarfi ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.

Þingskjal nr. 16
Rekstur íþróttafélaga

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli skorar á bæjaryfirvöld að styðja enn frekar við starfsmannahald íþróttafélaganna. Það mætti gera með stuðningi vegna stöðu framkvæmdastjóra eða rekstrarfulltrúa.

Greinargerð:

Rekstur íþróttafélaganna er orðinn mjög umfangsmikill. Ýmsir þættir í starfinu eru unnir af stjórnarfólki í sjálfböðavinnu sem þyrftu að vera í höndum fagaðila sem hafa menntun og grundvallarþekkingu á rekstri. Samfélagslegar kröfur á íþróttafélögin eru orðnar mjög miklar um þjónustu og margt fleira. Stjórnendur íþróttafélaganna hafa metnað til að standa vel að þessu starfi og er ábyrgð þeirra mikil. Þörf íþróttafélaganna fyrir að hafa starfandi fólk sem vinnur við umsýslu og utanumhald á rekstri starfseminnar hefur aukist mikið.

Þingskjal nr. 18**Tillaga Badmintonfélags Hafnarfjarðar um forgangsöröðun**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að ganga til samninga við Badmintonfélag Hafnarfjarðar um rekstur Íþróttahússins við Strandgötu til að uppfylla þarfir félagsins fyrir íþrótt- og félagsaðstöðu.

Greinargerð:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar og Knattspyrnufélagið Haukar hafa með sérstökum samningi við Hafnarfjarðarbæ séð um rekstur allra íþróttamannvirkja á sínum félagssvæðum. Það er ljóst á rekstrartölum frá Hafnarfjarðarbæ að sá rekstur er bænum hagstæður. Badmintonfélag Hafnarfjarðar sér fram á að geta náð fram hagræðingu í að sameina rekstur félagsins og rekstur þeirrar aðstöðu sem hýsir félagið. Auk þess er orðið brýnt fyrir félagið að eignast varanlega skrifstofu- og félagsaðstöðu.

Þingskjal nr. 25**Tillaga um íþróttafulltrúa íþróttafélaganna**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli skorar á bæjaryfirvöld að styðja íþróttastarf aðildarfélaga ÍBH með launuðum íþróttafulltrúa félaganna sem hefur það meginviðfangsefni að halda uppi góðu faglegu innra starfi í félaginu.

Greinargerð:

Íþróttastarf félaganna er orðið gífurlega umfangsmikið. Stjórnarmenn íþróttafélaganna vinna öll störf í sjálfboðavinnu eftir að vinnudegi þeirra lýkur. Vinnan sem leggst á stjórnarmenn félaganna er oft mjög mikil sem leiðir til þess að úthald þeirra til starfa fyrir íþróttahreyfinguna fer dvínandi og þeir hætta fljótlega. Ör skipti stjórnarmanna færir félögin oft á tíðum örlítið til baka í faglegu innra starfi. Til þess að geta haldið gæðum í starfi íþróttafélaganna sem kröfur nútíma samfélags gerir, vilji bæjarbúa og íþróttahreyfingarinnar sjálfrar stefnir til, er mikilvægt að íþróttafélögin geti ráðið íþróttafulltrúa til þess að sinna innri gæðamálum félagsins. Helstu verkefni íþróttafulltrúa íþróttafélagsins gætu verið eftirfarandi:

- Skipulagning á íþróttapjálfun
- Markaðssetning íþróttar í nærliggjandi skólum
- Samstarf við félagsmiðstöðvar, skóla, íþróttabandalag, Íþrótt- og tómstundanevnd, sérsambönd ÍSÍ, ÍSÍ og UMFÍ
- Úthlutun tíma innan félags
- Gerð ráðningarsamninga við þjálfara
- Umsjón á fræðslu fyrir þjálfara

Þingskjal nr. 29**Tillaga Björk fimleikafélag um aukið fjármagn til viðhalds og endurbóta á íþróttamannvirkjum**

47. þing ÍBH hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að leggja fram aukið fjármagn til viðhalds og endurbóta á íþróttamannvirkjum og íþróttahöldum þannig að íþróttafélögin geti áfram boðið iðkendum sínum uppá sem besta aðstöðu fyrir æfingar og keppni.

Greinargerð:

Mikil og góð uppbygging íþróttamannvirkja í Hafnarfirði síðustu 15 ára er staðreynd. Þessum mannvirkjum verður að halda við og því nauðsynlegt að auka enn frekar fjármagn á næstu árum í viðhald og endurbætur ef ekki á illa að fara fyrir þessum glæsilegu mannvirkjum, áhöldum og búnaði sem fjárfest hefur verið í.

Þingskjal nr. 30

Tillaga um rekstur íþróttamannvirkja

47. þing ÍBH hvetur bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til að ganga til samning við fimleikafélagið Björk um rekstur íþróttamiðstöðvar Björk við Haukakraun.

Greinargerð:

FH og Haukar hafa með sérstökum samningi við Hafnarfjarðarbæ séð um rekstur allra íþróttamannvirkja á sínum félagssvæðum. Það er ljóst á rekstrartölum frá Hafnarfjarðarbæ að sá rekstur er bænum mjög hagstæður. Fimleikafélagið Björk sér fram á að geta náð svipuðum árangri með sameiginlegum rekstri á félaginu og þeirri aðstöðu sem hýsir félagið.

Þingskjal nr. 17

Siðareglur ÍBH

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir siðareglur ÍBH.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) setti á laggirnar faghóp fólks úr íþróttafélögum bæjarins sem fékk það hlutverk að setja saman siðareglur fyrir íþróttahreyfinguna innan Hafnarfjarðar. Markmiðið var að reglur þessar yrðu leiðarljós fyrir einstaklinga og hópa innan íþróttahreyfingarinnar varðandi hegðun og samskipti. Einnig var krafa um að þær tækju mið að lögum og reglum í samfélaginu. Siðareglur Danska Íþróttasambandsins (DIF) voru notaðar sem heimild við vinnuna.

Stjórnarmaður / starfsmaður:

- Hvetur félagsmenn til að standa vörð um anda og gildi félagsins og sér um að hvoru tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
- Kemur fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, getu, trúarbrögðum, stjórnsmálaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
- Viðhefur ávallt lýðræðisleg vinnubrögð.
- Upplýsir félagsmenn og gerir þá að þátttakendum í ákvarðanatöku innan félagsins.
- Er til fyrirmyndar hvað varðar hegðun og framkomu innan félags sem utan.
- Ber ábyrgð gagnvart félaginu og iðkendum.
- Er meðvitaður um að félagið byggir upp og mótar einstaklinga.
- Rekur félagið eftir löglegum reiknisskilaaðferðum og haga útgjöldum í samræmi við tekjur.
- Notfærir aldrei stöðu sína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.

- Nýtir gagnrýni félagsmanna til uppbyggingar í félaginu.

Þjálfari:

- Kemur fram við alla iðkendur á einstaklingsgrunni og út frá þeirra forsendum.
- Velur æfingar, mót, keppnir sem eru við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
- Styrkir jákvæða hegðun og framkomu iðkenda.
- Heldur á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
- Kennir iðkendum að viðurkenna og bera virðingu fyrir ákvörðunum dómara.
- Kennir iðkendum að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
- Er heiðarlegur, jákvæður, réttlátur og umhyggjusamur gagnvart iðkendum.
- Viðhefur jákvæða gagnrýni og forðast neikvæða gagnrýni.
- Hugsar ávallt um heilsu og heilbrigði iðkenda og varast að setja þá í aðstöðu sem gæti ógnað heilbrigði þeirra.
- Talar gegn notkun ólöglegra lyfja.
- Talar gegn neyslu áfengis og tóbaks.
- Leitar eftir samstarfi við aðra þjálfara eða sérfræðinga þegar þess þarf.
- Viðurkennir rétt iðkandans til að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
- Samþykkir aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- Forðast náíð samband við iðkendur og vera einn með iðkanda.
- Þarf leyfi forráðamanna yngri iðkenda til að aka þeim á æfingar eða í leiki.
- Er meðvitaður um hlutverk sitt sem fyrirmynd bæði utan og innan vallar.
- Kemur eins fram við alla iðkendur óháð, getu, kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
- Notfærir sér aldrei aðstöðu sína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
- Er ábyrgur á félagslegri, andlegri og líkamlegri uppbyggingu iðkenda.
- Leyfir iðkendum að koma að ákvarðanatöku.
- Er ábyrgur fyrir stemmingunni í hópnum.
- Er börnum fyrirmynd í því að taka ósigri með jafnaðargeði, taka sigri hrokalaust og sýna andstæðingum kurteis.

Iðkandi:

- Gerir alltaf sitt besta.
- Virðir alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
- Sýnir öllum iðkendum virðingu, samherjum sem mótherjum.
- Ber virðingu, er heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfurum og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á sér við æfingar og keppni.
- Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.

- Kemur fram við aðra eins og hann vill að aðrir komi fram við sig.
- Sýnir stundvísi við mætingar á æfingu, í keppni og í annað sem viðkemur félaginu.
- Virðir ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna leiksins eða mótsins.
- Sýnir aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- Ber virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra.
- Tekur ábyrgð á framförum sínum og þroska.
- Er til fyrirmyndar í framkomu og hegðun innan sem utan vallar.

Yngri iðkandi:

- Tekur þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki til að þóknast forráðamönnum eða þjálfurum.

Eldri iðkandi:

- Hugsar um heilbrigði sitt, forðast að taka áhættu varðandi heilsu sína og notar aldrei ólögleg lyf til að bæta eigin árangur í íþróttum.
- Er fyrirmynd yngri iðkenda félagsins.
- Forðast nán samskipti við þjálfara sinn.

Foreldri / forráðamaður:

- Hvetur börn til þátttöku í íþróttum, þvingar þau aldrei.
- Hrósar öllum iðkendum á meðan æfingu, leik eða keppni stendur ekki aðeins sínu barni.
- Hvetur iðkendur bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs.
- Gerir ekki grín að iðkanda ef mistök eiga sér stað.
- Hvetur iðkendur til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
- Er börnum fyrirmynd í því að taka ósigri með jafnaðargeði, taka sigri hrokalaust og sýna andstæðingum kurteisi.
- Lærir að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefðu iðkendur ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
- Ber virðingu fyrir störfum þjálfarans og reynir ekki að hafa áhrif á störf hans meðan á leik eða keppni stendur.
- Lítur á dómara sem leiðbeinanda iðkenda, gagnrýnir ekki ákvarðanir hans.
- Ræðir við barn um hvernig æfing, mót eða leikur hafi gengið og hvort það hafi verið skemmtilegt eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
- Virðir rétt hvers iðkanda óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.
- Lætur áhuga barna og ánægju af íþróttaiðkun stýra íþróttapátttöku þeirra. Börn eiga ekki að vera í íþróttum eingöngu til að gleðja forráðamenn.

Þingskjal nr. 11**Eineltisforvarnir ÍBH**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir að nota þetta fræðsluefni sem grunn en felur stjórn ÍBH að koma með tillögu að eineltisáætlun sem félögin geta tekið og aðlagð að sínu starfi.

Eineltisforvarnir ÍBH

Einelti er ofbeldi sem ekki er liðið innan íþróttafélaganna. Þetta er samfélagslegt vandamál sem getur snert okkur öll. Nauðsynlegt er að upplýsa alla um einelti og gera þá meðvitaða um að standa á vaktinni til að uppræta það. Börnum og unglingum á að líða vel í íþróttafélögum.

HVAÐ ER EINELTI, HVERNIG FARA GERENDUR AÐ, HVAR Á EINELTID SÉR STAÐ?**1). Hvað er einelti?**

1.1. Einelti er endurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri gerendur ráðast ítrekað á þolanda eða níðast á honum. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, efnislegt og félagslegt.

- a. Líkamlegt einelti: Þolanda er haldið föstum, lokaður inni, hrint, hárréittur, klipinn, sparkað í hann o.fl.
- b. Andlegt einelti: Þolandi fær hótanir og neikvæð SMS boð, særandi umfjöllun á netmiðlum, er þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd sinni, er þvingaður til að eyðileggja eigur annarra, girt niður um hann o.fl.
- c. Efnislegt einelti: Eigur þolanda eru ítrekað teknar, faldar eða eyðilagðar.
- d. Félagslegt einelti: Þolanda er strítt, er skilinn útundan, gert er lítið úr honum, verður fyrir særandi athugasemdum (eftirherma, andvörp, svipbrigði) o.fl.

2. Hvernig fara gerendur að?

- 2.1. T.d. slá, hrinda, binda, elta, uppnefna, hæða, eyðileggja eignir, (það sem heyrir og sést).
- 2.2. T.d. spilla fyrir, baktala, skilja útundan, hundsá, afskiptaleyfi af einelti (það sem oft heyrir ekki eða sést).
- 2.3. Báðar aðferðirnar valda miklum sársauka og eru ólíðandi. Drengir nota **oftar** aðferðir sem heyrast og sjást en stúlkur.

3. Hvar á eineltið sér stað?

- 3.1. Getur gerst hvar sem er t.d. í samskiptum, í skilaboðum (sms/msn) og á netmiðlum.
- 3.2. Gerist helst þegar börn og unglingar eru eftirlitslaus og hafa lítið fyrir stafni.
- 3.3. Í íþrótt- og æskulýðsstarfi eru búningsklefar og sturtur sérstaklega varasamir staðir.

HVERJIR ERU TEKNIR FYRIR, HVERJIR TAKA FYRIR, HVER ERU VIÐBRÖGÐ ÞOLENDA OG AFLEIÐINGAR?**4. Hverjir eru teknir fyrir?**

- 4.1. Allir geta orðið fyrir einelti.

5. Hverjir taka fyrir?

5.1. Allir geta verið gerendur eineltis, mikilvægt er að fylgjast með birtingarmynd eineltis sbr. lið 2.

5.2. Oft er það hópur barna- og unglunga sem tekur þátt með beinum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

6. Hver eru viðbrögð þolenda / afleiðingar?

6.1. Eftirfarandi atriði geta verið vísbending um að barn sé lagt í einelti:

- Fordast vini og önnur börn.
- Lokar sig af og hættir að sinna áhugamálum sínum.
- Líður illa en vill ekki segja hvað er að.
- Er pirrað eða stjórnlaust í skapi, rýkur upp að litlu tilefni.
- Minnkandi sjálfstraust.
- Grætur sig í svefn og fær martraðir.
- Atast í systkinum eða foreldrum.
- Líkamlegar kvartanir og kvíðaeinkenni t.d. höfuðverkir, magaverkir.
- Breyttar svefn- og matarvenjur.
- Er með marbletti og skrámur sem ekki er hægt að útskýra.
- Er hrætt við að fara á milli staða, vill láta aka sér.
- Seinkoma í og úr skóla og íþrótt- og tómsundastarfi.
- Vill ekki fara í skóla eða í íþrótt- og tómsundastarf.
- Fer óvenjulegar leiðir á milli staða.
- Er svangt þegar heim er komið.
- Fer að ganga verr í skólanum.
- Týnir hlutum t.d. fötum og bókum.
- Týnir vasapeningum af og til.

HVERJIR EIGA AÐ TAKA Á EINELTI OG HVERS VEGNA? FYRIRBYGGJANDI LEIÐIR GEGN EINELTI.

7. Hverjir eiga að taka á einelti?

7.1. Allir sem vinna með börnum og unglingum; gangaverðir, þjálfarar, kennarar, leiðbeinendur, skólaliðar, baðverðir og forráðamenn.

7.2. Forsvarsmenn allra félaga og stofnana og þeir sem hafa með málefni barna og unglunga að gera bera ábyrgð á því að einelti líðist ekki.

7.3. Það er á ábyrgð okkar allra að bregðast við.

8. Hvernig á að bregðast við?

8.1. Taka einelti alvarlega og afla upplýsinga þegar mál koma upp. Tala við þolanda og styðja hann. Gera þolanda grein fyrir því að eineltið sé ekki honum að kenna.

8.2. Gera gerendum ljóst að einelti er alvarlegt ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif. Gera þeim grein fyrir að einelti er ólíðandi og hjálpa þeim við að breyta rétt.

8.3. Vera í samstarfi og upplýsa forráðamenn. Sjá til þess að öll mál sem upp koma verði leyst.

9. Hvernig er hægt að fyrirbyggja einelti?

9.1. Einelti þrífst vegna aðgerðaleysis fjöldans. Allir þurfa því að taka meðvitaða afstöðu gegn einelti. Eflum umburðalyndi, virðingu og samkennd meðal barnanna.

9.2. Einelti á erfitt uppdráttar þar sem samræmi og samstarf einkennir starf þeirra sem vinna með börnum og unglingum. Ef ekki er tekið á málum strax er hætta á að eineltið breiðist út og fleiri og fleiri leggist á sveif með gerendunum.

9.3. Einelti á erfitt uppdráttar þar sem jákvæður agi, festa, velvilji, hrós og væntumþykja einkennir stjórnunarhætti.

Heimild: Forvarnarbæklingur um einelti (TÖKUM Á ÞVÍ ALLIR SAMAN NÚ EINN, TVEIR OG ÞRÍR). Samvinnuverkefni Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, Regnbogabarna og Hafnarfjarðarbæjar (2003). Guðjón Ólafsson hafði umsjón með gerð texta og heimilar að nota efni bæklingins á allan þann hátt sem getur komið í veg fyrir einelti. Endurskoðað 2010.

Þingskjal nr. 24

Tillaga um fagteymi fyrir heilsufars- og íþróttamælingar

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir að stofna fagteymi fyrir heilsufars- og íþróttamælingar til stuðnings faglegs starfs innan íþróttafélaga.

Greinargerð: Á Íslandi eru gerðar fáar rannsóknir innan íþróttafélaga. Rannsóknir eru mikilvægur þáttur við að meta heilbrigði, frammistöðu og framfarir hjá íþróttafólki. Íþróttahreyfingin þarf að stefna að því að auka hagnýtar rannsóknir m.a. innan íþróttafélaga. Kennsla á íþróttamælingum hefur verið aukin í íþróttfræðinámi á háskólastiginu, en raunveruleikinn virðist vera sá að þjálfarar noti ekki þessa þekkingu sína í starfi. Með stofnun fagteymis sem hefur samvinnu m.a. við innlenda og erlenda háskóla er hægt að styðja þjálfaranna betur til faglegra starfa innan félaganna.

Þingskjal nr. 14

Jafnréttisstefna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir jafnréttisstefnu ÍBH.

Inngangur

ÍBH og aðildarfélög stefna markvisst að því að stuðla að jöfnum tækifærum einstaklinga innan íþróttahreyfingarinnar. Sett hafa verið eftirfarandi markmið og hugmyndir að leiðum sem taka mið af þessari stefnu.

Markmið - leiðir

Markmið

1. Börn og unglingar í Hafnarfirði eiga jafnan rétt og möguleika til að stunda íþróttir með íþróttafélagi í Hafnarfirði.
2. Piltar og stúlkur hafa jafna möguleika til að stunda allar íþróttagreinar sem boðið er uppá í íþróttafélögum.
3. Íþróttafélög gera sömu hæfniskröfur til þjálfara pilta og stúlkna.
4. Íþróttafélög hvetja jafnt pilta sem stúlkur til afreka í sinni íþróttagrein.
5. Íþróttafélög sjá til þess að aðstaða og möguleikar beggja kynja til afreka sé jöfn.

6. Leitast er við að kynjahlutföll séu sem jöfnust í stjórnnum félaga og deilda svo og öðrum trúnaðarstörfum innan íþróttafélaga.

Leiðir

1. Leiðir að jafnri aðstöðu allra barna og unglinga að íþróttum eru m.a.:
 - a. Reglur Hafnarfjarðarbæjar um niðurgreiðslur æfingagjalda barna 16 ára og yngri.
 - b. Samningur ÍBH, Alcan og Hafnarfjarðarbæjar um styrk til iðkenda yngri en 16 ára.
 - c. Þverfagleg samvinna ÍBH við skóla í Hafnarfirði, félagsmiðstöðvar, heilsdagsskóla, tómstundafélög, forráðamenn og Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar.
 - d. Næg aðstaða og æfingatímar séu í boði í íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði.
2. Leiðir að jöfnum möguleikum pilta og stúlkna í öllum íþróttgreinum eru m.a.:
 - a. Framboð íþróttagreina sé til jafns fyrir bæði kynin.
 - b. Jafnræðis milli pilta og stúlkna sé gætt við úthlutun æfingatíma í íþróttamannvirkjum.
3. Leiðir að jafngóðri íþróttþjálfun fyrir bæði kyn eru m.a.:
 - a. Jafnhæfir þjálfarar séu til staðar fyrir bæði pilta og stúlkur.
 - b. Hvetja alla þjálfara félaga og deilda til að bæta við menntun sína.
4. Leiðir að jafnri hvatningu pilta og stúlkna til afreka eru m.a.:
 - a. Félög tilnefni bæði íþróttakonu og íþróttakarlar við val á íþróttamanni Hafnarfjarðar ár hvert.
 - b. Íþróttafélög velji bæði íþróttakarlar og íþróttakonu félags eða deildar ár hvert.
 - c. Hvetja félög, deildir og þjálfara sérstaklega til að ala upp afrekskonu til jafns við afreksmann.
 - d. Valin verði bæði íþróttakarlar og íþróttakona Hafnarfjarðar.
5. Leiðir að jafnri aðstöðu og möguleikum kynja til afreka eru m.a.:
 - a. Jafngóð æfinga- og keppnisaðstaða fyrir bæði kyn innan sama íþróttafélags.
 - b. Sömu fjárstyrkir og hlunnindi beggja kynja innan deilda og íþróttafélaga.
 - c. Reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH.
6. Leiðir að jöfnu kynjahlutfalli í stjórnnum félaga og deilda eru m.a.:
 - a. Tryggja þarf að viðhorf og sjónarmið beggja kynja og allra hópa komi fram við ákvarðanir stjórna félaga og deilda.
 - b. Sérstök hvatning og umbun til félags eða deildar sem hefur jafnast kynjahlutfall í stjórn.

Pingskjal nr. 27**Tillaga vegna gæðastarfs íþróttafélaganna**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli hvetur aðildarfélög ÍBH til þess að sækja um nafnbótina “Fyrirmyndarfélag ÍSÍ”

Greinargerð:

Íþróttafélög sem sækja um viðurkenninguna sýna að þau gera kröfu til sjálfs sín bæði í gæðum og innihaldi þess starfs sem þau bjóða upp á. Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem veitt er öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf að sýna fram á gæði starfsins. Sú leið sem farin hefur verið er að hrinda í framkvæmd verkefninu “Fyrirmyndarfélag ÍSÍ”. Mikilvægt er fyrir íþróttafélögin að skilgreina starf sitt vel, þannig að starfið verði öllum félagsmönnum, foreldrum og nýju stjórnarfólki auðskiljanlegt.

Pingskjal nr. 8**Ferli við áföllum**

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir ferli við áföllum.

Íþróttafélög – ferli við áföllum**Skilgreining á áföllum**

- Iðkandi, þjálfari, starfsmaður / stjórnarmaður, forráðamenn, systkini iðkanda geta orðið fyrir alvarlegum áföllum.
- Áföll geta orðið af völdum, dauðsfalla, slysa, alvarlegra / langvarandi veikinda, líkamsárása, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, náttúruhamfara o.fl. annarra þátta samkvæmt mati fagaðila.

Tilkynningar

- Þjálfari / íþróttafélag verða að upplýsa forráðamenn um mikilvægi þess að tilkynna áföll / breytingar hjá iðkendum til þjálfara.
- Aðstandendur þjálfara, starfsmanna og stjórnarmanna tilkynna áföll til formanns íþróttafélags.
- Yfirþjálfari og þjálfari meta í sameiningu hvort þjálfari geti leyst málið, þurfi að hafa samráð við aðra eða kalli til faglega aðstoð.
- Ákveða yfirþjálfari og þjálfari að kalla til faglega aðstoð, byrja þeir á því að setja yfirmenn íþróttafélags inn í málið (íþróttafulltrúi, deildar- / formaður íþróttafélags).
- Formaður íþróttafélags hefur samband við tengilið Hafnarfjarðarbæjar sem gefur faglega aðstoð við að hrinda áfallastuðningi af stað.
- Bera skal allar aðgerðir íþróttafélags undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

Tengiliðir

- Prestar í Hafnarfirði veita ráðgjöf og stuðning eftir þörfum þegar alvarlegir atburðir gerast. Umburðarlyndis er gætt gagnvart trúarskoðunum eða trúleysi. Slysamóttaka eða lögregla setur sig í samband við presta þegar alvarlegir atburðir gerast og sjá þeir eða lögregla um að tilkynna aðstandendum um atburðinn.
- Haukur Haraldsson sálfræðingur hjá félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar er tengiliður Hafnarfjarðarbæjar og gefur íþrótt- og tólmstundafélögum faglega aðstoð við að hrinda áfallastuðningi af stað. Netfang: haukurh@hafnarfjordur.is og gsm 664-5725.
- Ingibjörg Ásgeirsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunni Firði veitir ráðgjöf og stuðning eftir þörfum. Netfang: ingibjorg.asgeirsdottir@heilsugaeslan.is og sími 5409400.

Aðgerðaráætlun

- Miðast við ráðgefandi upplýsingar, tilmæli og ábendingar frá fagaðila.

Þingskjal nr. 26

Tillaga um vinnuhóp fyrir Hafnarfjarðarleika

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir að fela stjórn ÍBH að stofna vinnuhóp fyrir Hafnarfjarðarleika og vinnuhópurinn taki til starfa á haustmánuðum 2011. Stefnt að því að vinnuhópurinn skili tillögum fyrir formannafund ÍBH 2012.

Greinargerð: Sumarið 2010 lét ÍBH gera skýrslu um leiðir sem íþróttahreyfingin og ferðaþjónustuaðilar í Hafnarfirði geta unnið saman að til að auka hag bæjarins. Í skýrslunni voru tekin viðtöl við 50 einstaklinga sem gáfu upplýsingar um hvað hefur verið gert, hvað er verið að gera og hvað þá langar til að gera og telja sig geta gert. 2. apríl 2011 var haldin ráðstefna um heilsutengda ferðaþjónustu í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði þar sem íþróttahreyfingin, ferðaþjónustuaðilar og Hafnarfjarðarbær kynntu og ræddu enn frekara samstarf. Á ráðstefnunni kom fram að nauðsynlegt væri að vinna áfram með hugmyndir sem koma fram í skýrslunni eins og Hafnarfjarðarleika.

Þingskjal nr. 15

Lög ÍBH

47. þing ÍBH haldið 7. maí 2011 í Álfafelli samþykkir eftirtaldar breytingar á lögum ÍBH.

Lög Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

1. KAFLI

Tilgangur og markmið

1. gr.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (skammstafað ÍBH) er héraðssamband íþróttafélaga í Hafnarfirði. ÍBH starfar samkvæmt lögum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og samkvæmt gildandi íþróttalögum hverju sinni.

2. gr.

Tilgangur ÍBH er að hafa frumkvæði og vinna að eflingu, útbreiðslu, samræmingu, samvinnu, skipulagningu og yfirstjórn á íþróttastarfsemi innan Hafnarfjarðar.

2. KAFLI

Skipulag

3. gr.

Rétt til aðildar að ÍBH eiga öll félög í Hafnarfirði, sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög ÍBH og ÍSÍ.

4. gr.

Óski félag að gerast aðili að ÍBH, skal það senda stjórn ÍBH umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag þess og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna. Samhliða umsókn um aðild skal greiða inntökugjald sem stjórn ÍBH ákveður hverju sinni. Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi hjá bandalaginu þegar stjórn ÍBH hefur samþykkt aðild þess. Stjórn ÍBH skal setja reglugerðir um úthlutun af hagnaði Íslenskrar Getspár sem bandalagið fær og um styrki frá ÍBH til félaga.

5. gr.

Ef aðildarfélög, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina hafa ekki haldið aðalfundi og sent skýrslur og ársreikninga í samræmi við lög þessi, missa aðildarfélögin allan atkvæðisrétt sinn á næsta þingi ÍBH og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á íþróttþing. Stjórn ÍBH er heimilt að fella niður styrki til félaga/sérráða í vanskilum. Líði annað ár án þess að félög, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttagreina haldi aðalfundi eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur þing ÍBH tekið ákvörðun um, hvort félaginu skuli vikið úr héraðssambandinu. Að öðru leyti vísast til 6. kafla í lögum ÍSÍ.

6. gr.

Þau ár sem þing eru ekki haldin skal stjórn ÍBH boða til formannafundar. Formannafundur gegnir sama hlutverki og bandalagsþing að öðru leyti en því, að ekki skal samþykkja sérstakar ályktanir eða lagabreytingar. Fyrir formannafund ber öllum aðildarfélögum ÍBH og stjórnnum sérráða að leggja fram ársskýrslur sínar eins og þau ár sem þing eru haldin, sbr. 5. gr. laganna. Fulltrúa í stjórn ÍBH má eingöngu tilnefna á þingi ÍBH.

3. KAFLI

Þing ÍBH

7. gr.

Hvert félag innan ÍBH, og hvert sérráð innan bandalagssvæðisins á rétt á að senda fulltrúa á þing bandalagsins. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna hvers félags eða sérráðs á eftirfarandi hátt:

Fjöldi félagsmanna	Fjöldi þingfulltrúa
1 - 200	1
201 - 400	2
401 - 600	3
601 - 800	4
801 - 1000	5

1001 - 1200	6
1201 – og yfir	7

8. gr.

Stjórnir aðildarfélaganna ÍBH og sérráð skulu fylla út kjörbréf fyrir fulltrúa sína og skila til ÍBH viku fyrir þing.

9. gr.

Þing ÍBH skal háð annað hvert ár fyrir lok aprílmánaðar. Til þingsins skal boða með mánaðar fyrirvara þá, sem rétt eiga á þingsetu, sbr. 7. gr. og senda kjörbréfaeyðublöð. Þau mál, sem aðilar ÍBH óska að verði á dagskrá, skulu berast stjórn ÍBH í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þingsetningu. Viku fyrir þingbyrjun skal aðilum send dagskrá þingsins, ársskýrsla og endurskoðaðir ársreikningar. Ennfremur þær tillögur, er ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið. Þing ÍBH er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10. gr.

Á þingi ÍBH eiga sæti þeir fulltrúar sem bandalagsfélög ÍBH hafa kjörið til þingsins skv. 9. gr., svo og fulltrúar hvers sérráðs á bandalagssvæðinu sem kjörnir hafa verið til þingsetu. Þá hafa rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, stjórn og varastjórn ÍBH, fagnefndir um íþróttamál á vegum Hafnarfjarðarbæjar, framkvæmdastjórn ÍSÍ, einn fulltrúi frá hverju landssambandi sem ÍBH er aðili að, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Íþróttfulltrúi Hafnarfjarðar.

11. gr.

Dagskrá þings ÍBH skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta og fyrsta og annars þingritara.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Lagt fram og rætt: Skýrsla stjórnar og ársreikningar og atkvæði greidd um þá.
5. Kosnar þrjár 5 manna fastar þingnefndir: Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og íþróttanefnd. Einnig skal kjósa 5 manna laganefnd ef lagabreytingar liggja fyrir þinginu.
6. Lagt fram og rætt: Skýrslur sérráða.
7. Kynning tillagna og mála sem liggja fyrir þinginu og þeim vísað til nefnda.
8. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðslur.
9. Kjör formanns ÍBH.
10. Tilnefning í stjórn ÍBH tilkynnt samkvæmt 15. gr.
11. a. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara fyrir ÍBH og þau sérráð sem ekki hafa sérstaka skoðunarmenn.
b. Kosið í fastar nefndir, eftir því sem ákveðið verður.
12. Lýst tilnefningu aðildarfélaganna á fulltrúum til íþróttþings og kosnir viðbótarfulltrúar samkvæmt 12. gr. laga ÍSÍ.
13. Ýmis mál.
14. Þingslit.

Þing skal standa einn dag. Þingið skal móta stefnu ÍBH, a.m.k. til næstu tveggja ára með því að ákveða þá málaflokka, sem leggja ber áherslu á í starfi bandalagsins. Öllum stærri málum, sem þingið fær til meðferðar skal vísa til nefnda, og taka þær til starfa strax eftir 7. lið. Allar kosningar skulu vera bundnar og skriflegar. Við atkvæðagreiðslu almennra mála og í kosningum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Til að taka megi til meðferðar á þinginu mál, sem ekki var getið í fundarboði, þarf það samþykki 2/3 greiddra atkvæða og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau. Í sambandi við þingið má flytja erindi og hafa íþróttasýningar, eftir því sem tími er til.

12. gr.

Í málum, sem tilkynnt hafa verið í þingboði, á reglulegu þingi eða aukþingi, ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Til að taka megi til meðferðar á þinginu mál, sem ekki var getið í fundarboði, þarf það samþykki 2/3 greiddra atkvæða og 4/5 greiddra atkvæða til að samþykkja þau.

13. gr.

Á þingi ÍBH skal kjósa fulltrúa bandalagsins á íþróttþing. Fjöldi fulltrúa ÍBH ræðst af ákvæðum 12. gr. laga ÍSÍ.

14. gr.

Samþykki stjórnir 2/3 hluta aðildarfélaganna tilmæli um að aukaping verði haldið skal verða við því. Einnig hefur stjórn ÍBH heimild til að boða til aukapings. Boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings er tvær vikur. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á síðasta þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Aðildarfélag má tilnefna nýjan fulltrúa í stað þeirra sem eru látnir, veikir, eða forfallaðir á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og aðeins tilnefna bráðabirgðastjórn ef meirihluti stjórnar ÍBH hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu reglur og um reglulegt þing bandalagsins.

Tilhögun aukapings skal vera þessi:

1. Þingsetning.

2. Kosnir þingforsetar og þingritarar.

3. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd.

4. Tekin til meðferðar þau mál, er gefið hafa tilefni til aukapingsins og tilkynnt voru með þingboðinu.

5. Önnur mál, sem upp kunna að vera borin, ef þingið leyfir að taka þau fyrir, sbr. 12. gr.

6. Þingslit.

4. KAFLI

Stjórn ÍBH og starfssvið

15. gr.

Í stjórn ÍBH sitja fulltrúar frá bandalagsfélögunum, sem tilnefndir eru á þingi.

Hvert félag, sem öðlast hefur full réttindi í bandalaginu, tilnefnir - sbr. 11. gr. 10.-lið einn aðalfulltrúa í stjórn og einn til vara. Starfstími stjórnar ÍBH er milli þinga.

16. gr.

Stjórn ÍBH skal sjá um allar framkvæmdir bandalagsins og vinna að málum þess.

a. Vinna að sameiginlegum fjármálum, koma styrkbeiðnum á framfæri, varðveita og skipta á milli aðildarfélaga því fé sem til þeirra hefur verið veitt sameiginlega.

b. Að hafa forystu aðildarfélaga í sameiginlegum félagsmálum og vera fulltrúi aðildarfélaga á sameiginlegum vettvangi utan lögsögu ÍBH.

c. Að annast samskipti um íþróttamál við bæjaryfirvöld, þ.m.t. varðandi fjárframlög til rekstrar, styrkveitingar til einstakra verkefna, uppbyggingu íþróttamannvirkja o.s.frv.

d. Að stuðla að uppbyggingu og endurbótum á sameiginlegum íþróttamannvirkjum, og sjá um rekstur og viðhald þeirra, ef ekki er öðruvísi kveðið á um þau.

e. Að annast skipulagningu og úthlutanir á tímum í íþróttamannvirkjum til aðildarfélaga.

f. Að annast íþróttaleg sérmál og hagsmuni sérgreinar, ef með þarf, ef sérráð fyrir viðkomandi íþróttgrein er ekki starfandi samkvæmt 8. kafla laga ÍSÍ.

g. Að gangast fyrir stofnun sérráða ef aðildarfélög óska þess.

h. Að vera æðsti aðili varðandi skipulagningu héraðsmóta og hafa úrskurðarvald um hlutgengi þátttakenda í mótum á vegum ÍBH.

i. Að vera umsagnaradili varðandi íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.

j. Að staðfesta lög aðildarfélaga og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaganna fari fram samkvæmt gildandi lögum þeirra, lögum ÍSÍ og íþróttalögum. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn ÍBH, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

k. Að annast skýrslugerðir um íþróttamál innan Hafnarfjarðar, og kalla eftir ársskýrslum og endurskoðuðum reikningum aðildarfélaga.

l. Að fjalla um íþróttir eftir því sem stjórn bandalagsins telur þörf á.

Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda, til að sjá um málefni bandalagsins.

Formaður skal kalla saman stjórnarfund a.m.k. einu sinni í mánuði. Að öðru leyti setur stjórnin sér sjálf starfsreglur. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarinnar mætir og fundur hefur verið boðaður samkvæmt starfsreglu. Atkvæði formanns ræður úrslitum, ef atkvæði falla jöfn.

17. gr.

Í þeim íþróttgreinum, þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBH með hin sérfræðilegu málefni á bandalagssvæðinu, og getur skipað til þess sérstaka nefnd, ef samkomulag er um það. Sérráð fer með stjórn í sérmálum þeirra íþróttgreina, sem það varðar, að svo miklu leyti sem það fer ekki inn á önnur sérgreinasvið. En endanleg niðurröðun móta á bandalagssvæðinu og val keppenda á utanhéraðsmót er háð samþykki stjórnar ÍBH, svo og ákvæði um verðlaunagripi á innanhéraðsmótum, sbr. grundvallarreglur ÍSÍ fyrir sérráð.

18. gr.

Stjórn ÍBH skal taka við öllum skýrslum um íþróttamót, sem haldin eru á bandalagssvæðinu, og geyma þær í skjalasafni sínu. Sé mót haldið í sérgrein, þar sem sérráð er ekki til, skal félag það, er fyrir mótinu stendur, senda skýrslu um það beint til stjórnar ÍBH. Sömu skyldur hvíla á stjórn ÍBH ef hún gengst fyrir mótum. Skýrslur um mót skal senda í síðasta lagi mánuði eftir að móti er lokið, en sérráð senda skýrslur sínar fyrir 15. apríl árlega.

19. gr.

Aðildarfélög ÍBH, deildir, rekstrarfélög og sérráð íþróttgreina skulu senda starfsskýrslur sínar og endurskoðaða reikninga nýliðins árs til bandalagsins fyrir 15. apríl ár hvert.

20. gr.

Vilji félag ganga úr íþróttabandalaginu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðast úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar ÍBH, sem síðan tilkynnir hana á þingi bandalagsins. Eigi getur félag, sem gengur úr íþróttabandalaginu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til íþróttabandalagsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við íþróttabandalagið.

21. gr.

Lögum ÍBH má eigi breyta nema á þingi bandalagsins.

22. gr.

Lög þessi voru samþykkt 7. maí 2011. Öðlast þau gildi, þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau og jafnframt falla úr gildi eldri lög ÍBH.

STARFSREGLUR FYRIR STJÓRN ÍÞRÓTTABANDALAGS HAFNARFJARÐAR

1. Á milli þinga ÍBH eru störf og framkvæmdavald í höndum stjórnar ÍBH.
2. Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal hún skipta með sér verkum og kjósa varaformann, ritara, gjalddkera og meðstjórnanda. Formaður er kosinn á þingi ÍBH. Formaður og starfsmenn stjórnar mynda framkvæmdastjórn ÍBH.
3. Stjórnarfundir skulu haldnir, þegar þess er þörf að dómi formanns, eða ef einn stjórnarmaður óskar þess. Þó skulu stjórnarfundir eigi haldnir sjaldnar en einu sinni í mánuði.
4. Að loknu þingi ÍBH gefur formaður ÍBH út skírteini til handa stjórninni, er gilda næsta starfstímabil og veita ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu.
5. Rekstur ÍBH og framkvæmdastjórn.
- 5.1. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að rekstur íþróttabandalagsins sé í eðlilegum farvegi og í samræmi við þær skuldbindingar sem íþróttabandalagið hefur gengist undir.
- 5.2. Meginskyldustörf framkvæmdastjórnar ÍBH eru:
 - a). Að ákveða fyrirkomulag á daglegum rekstri bandalagsins og ráða framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur bandalagsins auk þess að ráða aðra starfsmenn eftir því sem þörf er á.
 - b). Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri bandalagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
 - c). Að sjá til þess að bókhald bandalagsins sé fært í samræmi við lög og venjur.
 - d). Að annast um að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna bandalagsins og að meðferð eigna bandalagsins sé með tryggilegum hætti.
 - e). Að koma fram fyrir hönd bandalagsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
 - f). Að skera úr ágreiningi, sem upp kann að koma innan bandalagsins.
 - g). Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda bandalagið.
6. Reikningar bandalagsins.
- 6.1. Reikningsár bandalagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning bandalagsins.
- 6.2. Á þingi bandalagsins skal kjósa tvo skoðunarmenn fyrir bandalagið til tveggja ára í senn og tvo til vara. Ekki má velja skoðunarmenn úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna bandalagsins. Forfallist kjörinn skoðunarmaður kemur varamaður í hans stað.
- 6.3. Skoðunarmenn skulu fara yfir allt reikningshald bandalagsins og Afreksmannasjóðs ÍBH. Kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH. Skoðunarmönnum skal vera heimill aðgangur að öllum bókom og skjölum ÍBH og Afreksmannasjóðs ÍBH.
- 6.4. Skoðunarmenn skulu hafa lokið skoðun ársreikninga eigi síðar en fjórtán dögum fyrir þing bandalagsins. Ber þeim þá að senda ársreikninga til framkvæmdastjórnar bandalagsins, ásamt athugasemdum sínum. Í síðasta lagi einni viku fyrir þing bandalagsins skal framkvæmdastjórn bandalagsins hafa samið svör sín við athugasemdum skoðunarmanna og skulu þau og athugasemdirnar liggja þingfulltrúum til sýnis ásamt ársreikningi a.m.k. viku fyrir þing bandalagsins.

10. Kosning formanns ÍBH. Fyrir þinginu lá tillaga um Hrafnkel Marinósson, var hann kosinn með langvinnu og þéttu lófaklappi þingfulltrúa.
11. Þingforseti las upp tilnefningar aðildarfélaganna í stjórn ÍBH.
Aðalmenn og varamenn eru eftirtaldir:
 1. Viðar Halldórsson FH, varamaður Benedikt Olgeirsson.
 2. Heimir Heimisson Haukum, varamaður Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir.
 3. Ingvar Kristinsson Björk, varamaður Guðjón Guðmundsson.
 4. Írena Óskarsdóttir BH, varamaður Kristján Daníelsson.
 5. Karl Klein SH, varamaður Kristín Pétursdóttir.
 6. Bergsteinn Hjörleifsson Keili, varamaður Sveinn Sigurbergsson.
 7. Anders Már Þráinsson Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar, varamaður Sigurþór Jóhannesson.
 8. Sigurður Ævarsson Sörla, varamaður Valka Jónsdóttir.
 9. Stefán Kristófersson Fjörður, varamaður Hrafn Þórðarson.
 10. Atli Már Sigurðsson DÍH, varamaður Haukur J. Eiríksson.
 11. Þórarinn Sófusson Golfklúbbnum Setberg, varamaður Björn Eysteinnsson.
 12. Ragnar Hilmarsson Þyt, varamaður Gunnar Geir Halldórsson.
 13. ÍH tilnefnir engann.
 14. Sigurjón Andersen Kvartmíluklúbburinn, varamaður Ingólfur Arnarson.
 15. Kristján Geir Mathiesen AÍH, varamaður Ingbór Kristjánsson.
 16. Ágústa Hera Birgisdóttir HFH, varamaður Ólafur Tryggvi Gíslason.
12. Kosnir tveir endurskoðendur og tveir til vara. Stungið er uppá sem aðalmönnum þeim Þór Gunnarssyni og Eiríki Skarphéðinssyni og til vara Ingvari Viktorssyni og Skúla Valtýssyni. Hlutu þeir kosningu með lófaklappi.
13. Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing. Þessi liður fellur niður, Íþróttaping ÍSÍ var haldið dagana 8. og 9. apríl sl.
14. Önnur mál. Kristín Pétursdóttir SH, þakkar formanni og framkvæmdastjóra fyrir mjög gott starf. Í máli hennar kom fram að afreksfólk SH hafi séð um að bera fram kaffi og meðlæti ásamt súpu og brauði í hádeginu. Hrafnkell flutti þinginu þær gleðifréttir að 2. flokkur Hauka hafi verið rétt í þessu að tryggja sér Íslandsmeistaratitil með sigri á Handboltafélagi Akureyrar. Viðar Halldórsson tók undir ofangreinda gleðifrétt en fannst að yfirvöld hafi illa unnið að niðurskurðaráætlunum, samningar hafa enn ekki verið undirritaðir en þakkaði þó góðann stuðning yfirvalda á liðnum árum.
15. Heiðranir, Bergsteinn Hjörleifsson gjaldkeri ÍBH og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH nældu merki bandalagsins í þá sem skarað hafa fram úr í störfum fyrir íþróttahreyfinguna í bænum. Íþróttafélögin tilnefna fólk úr sínum röðum til stjórnar ÍBH.



Samþykktar viðurkenningar og afhentar á 47. þingi ÍBH.

Gullmerki ÍBH

Nafn	Félag
Guðmundur Friðrik Sigurðsson	Golfklúbbum Keili
Ágúst Húbertsson	Golfklúbbum Keili

Sérstaka viðurkenningu hlutu þau Anna María Valtýsdóttir fulltrúi Bjarkanna og Haukur J. Eiríksson fulltrúi DÍH. Þau hverfa bæði úr stjórn ÍBH eftir tímabilið. Tímabilið 2009 – 2011 var Anna María í framkvæmdastjórn sem varaformaður ÍBH. Voru þeim þökkuð vel unnin störf í þágu bandalagsins og færð blóm.

16. Þingslit. Endurkjörinn formaður þakkaði traustið sem honum var sýnt, ennfremur þakkaði hann framkvæmdastjóra og þingfulltrúum fyrir gott og málefnalegt þing, einnig þakkaði hann nefndunum fyrir þeirra störf og óskaði að lokum öllum gleðilegs sumars og sleit þinginu kl. 15.10.

Að þingi loknu bauð bæjarstjórn Hafnarfjarðar þingfulltrúum og gestum til móttöku í Byggðasafni Hafnarfjarðar.